

Mosfellsbær
Kristinn Pálsson
þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 19. júlí 2021
UST202106-133/A.P.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Ævintýragarðurinn í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 9. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er staðsett í Ullarnesbrekkum og afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs, Köldukvísl til norðurs að meðtöldum Suðureyrum og mörkum aðliggjandi deiliskipulagssvæða til suðurs; íþróttasvæðis við Varmá, Varmárskólasvæðis og hestaíþróttasvæðis á Varmárbökkum. Svæðið er u.þ.b. 68,3 ha að stærð og skiptir Tunguvegur því í two hluta.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins eru að móta heildstætt skipulag fyrir Ævintýragarðinn, afmarka og skilgreina svæði innan deiliskipulagsins eftir nýtingu þeirra og verndun, skapa fjölbreytt útvistarsvæði, skilgreina helstu leiðir um svæðið, styrkja tengingu byggðar við útvistarsvæðið, styrkja samsplil og tengingu Ævintýragarðsins við aðliggjandi svæði, tryggja verndarsvæði og vatnasvið Varmár og Köldukvíslar og tryggja að náttúrusvæði og votlendi verði óhreyfð og að uppbryggingu verði beint utan áhugaverðra náttúrusvæða.

Fjöldi gesta

Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um lýsingu fyrir deiliskipulagið að í tillöggunni komi fram hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja Ævintýragarðinn. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæða, áningarstaða og umfang göngustíga.

Varmárósar

Í tillöggunni kemur fram að deiliskipulagið liggi í nálægð við Varmárósa sem voru friðlýstir árið 1980 sem friðland. Umhverfisstofnun bendir á að 23. mars sl. undirritaði ráðherra endurskoðaða auglýsingu (nr. 380/2021) um friðlýsingu Varmárósa en með endurskoðun friðlýsingarinnar hefur svæðið verið stækkað í því skyni að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis svæðisins ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er og búsvæði fyrir fugla. Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og þær vistgerðir votlendis, strandlendis og fjöruvistgerða sem er að finna á svæðinu. Friðlandið nær því núna einnig til Suðureyra sem eru innan skipulagssvæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um

friðlýsta svæðið í greinargerðinni og bendir á að allar framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. auglýsingu um friðland við Varmárosa, Mosfellsbæ. Umhverfisstofnun bendir á að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Varmárosa er í vinnslu.

Tungufoss

Í greinargerð kemur fram að Tungufoss, sem er innan skipulagssvæðisins, var friðlýstur sem náttúrvætti árið 2013. Markmiðið með friðlýsingu fossins er að vernda hann og menningarminjar innan svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúrvættisins eru óheimilar, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. auglýsingu nr. 462/2013 um náttúruvættið Tungufoss í Köldukvísl í Mosfellsbæ. Að auki skulu framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnaráætlun. Umhverfisstofnun bendir á að í september 2020 var gefin út stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Tungufoss.

Blikastaðakró – Leiruvogur

Fyrirhugað skipulagssvæði er í botni Leiruvogs. Í greinargerð kemur fram að Leiruvogur er hluti svæðisins Blikastaðakró – Leiruvogur sem er á tillögu að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumínjaskrár Náttúrufræðistofnunar Íslands um þær náttúrumínjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Umhverfisstofnun bendir á að 12. júlí sl. voru áform um friðlýsingu Blikastaðakróar – Leiruvogs auglýst á heimasíðu stofnunarinnar. Í auglýsingunni segir m.a. að með áformum um friðlýsingu svæðisins sé horft til þess að vernda til framtíðar mikilvægt búsvæði fugla, sela og sjávarhryggleysingja sem og líffræðilega fjölbreytni svæðisins, grunnsævi, leirur, fjörur, árosa, sker og eyjar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að áform um friðlýsingu svæðisins séu höfð til hliðsjónar þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Náttúrumínjaskrá

Í kafla 3.4 í greinargerðinni kemur fram að Leiruvogur og Varmá eru á náttúrumínjaskrá nr. 131 og 139 og flokkast sem aðrar náttúrumínjar. Einnig kemur fram að Varmárosar eru á náttúrumínjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að Varmárosar eru friðlýstir sem friðland en Varmá er á náttúrumínjaskrá og telur að þetta megi vera skýrara í tillögunni.

Plöntur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að bökkum Kaldakvíslar og Varmár, sem báðar renna í gegnum skipulagssvæðið á leið þeirra til sjávar, verði ekki raskað. Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta nágrenni vatnsins.

Stígar og hengibrú yfir votlendi

Í greinargerð er fjallað um áform um yfirgripsmikið stígakerfi með stígum sem er skipt upp í átta flokka. Umhverfisstofnun telur æskilegt að í greinargerð sé fjallað um allar gerðir stíganna og hvaða útvistarhópum verði leyft, eða ekki leyft, að fara um stígana.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að notaðir verði stígar sem fyrir eru og rask á jarðvegi haldið í lágmarki. Að auki bendir stofnunin á að stígagerð ætti að taka mið af væntanlegu á lagi, líkt og gert hefur verið í Esjuhlíðum þar sem ráðist hefur verið í stígagerð sem ætlað er að þola það álag sem fylgir göngum á fjallið.

Þá er nefndur svokallaður votlendisstígar sem er upphækkaður viðarpallur sem liggur um votlendið í Varmárósum og verður að timburstíg sem svífur yfir landinu við Leirvoginn. Í greinargerð kemur fram að Varmárosar einkennast af fjölbreyttu og ríkulegu fuglalífi og eru mikilvægur hvíldar- og setstaður fyrir farfugla. Í kafla 5.5. um umhverfismat segir að fuglalífi á svæðinu muni ekki stafa ógn af framkvæmdunum. Umhverfisstofnun telur að margt bendi til þess að ferðir manna um votlendið muni hafa neikvæð og mögulega óafturkræf áhrif á ríkulegt fuglalíf svæðisins enda er votlendi mjög viðkvæmt fyrir öllu raski. Stofnunin telur mikilvægt að sveitarfélagið óski eftir álti frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) á stöðu fuglalífs á svæðinu og að hvaða leytí umferð manna um votlendið muni hafa áhrif á fuglalíf sem þarna þrifst. Auk þess þarf að hafa til hliðsjónar möguleg áhrif nábýlis við byggð sem felur m.a. í sér að gæludýr hafa betra aðgengi að svæðinu með uppbyggingu stíga innan votlendisins. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að ekki verði farið í framkvæmdir fyrr en álit NÍ liggur fyrir og minnir á að allar framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar vinna nú að gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Varmárósa. Umhverfisstofnun leggur til að ákvörðun um stígagerð innan friðlandsins verði frestað og telur æskilegt að sú vinna verði felld inn í gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en kynning á fyrstu vatnaáætlun Íslands var kynnt í maí sl. og áætlað er að hún taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlot, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmda innan skipulagsins nær til straumvatnsins Köldukvíslar sem hefur vatnshlotanúmerið 104-916-R, straumvatnsins Leirvogsár með vatnshlotanúmerið 104-929-R, grunnvatnshlots Leirvogsár númer 104-289-G og strandsjávarins Blikastaðakróar – Leirárvogs sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1304-C. Samkvæmt markmiðum laga og reglugerðar um stjórn vatnamála skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi og má ástand þeirra ekki rýrna. Í drögum að vatnaáætlun hafa gæðaþættir til ástandsflokkunar verið skilgreindir auk krafa sem vatnshlot þurfa að uppfylla til að standast umhverfismarkmið sín.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórvalda, svo sem vegna

skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Í greinargerð kemur fram að vatnalög nr. 20/2006 verði notuð sem viðmið þriggja umhverfisþáttu. Umhverfisstofnun bendir á að þau lög eru fallin úr gildi skv. 90. gr. laga nr. 132/2011.

Salerni

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. reglugerðar nr. 578/2017 um breytingu á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti segir í fylgiskjali 2:

„Á tjald- og hjólhýsasvæðum skal fjöldi salerna að lágmarki vera eftirfarandi: Fyrir 25 gesti skal vera ein fullbúin snyrtинг þar sem tekið er tillit til fatlaðs fólks. Fyrir 26-100 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fatlaðs fólks a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 skal vera eitt salerni. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.“

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir
Agnes Porkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur